

Mánudaginn 7. október 1968.

Nr. 127/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Kristjáni Ragnari Sigurðssyni

(Matthías Á. Mathiesen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Eignarupptaka. Áfengislög.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið áfrýjað einungis að því er varðar ákærða Kristján Ragnar Sigurðsson. Samkvæmt skýlausu ákvæði 4. mgr. 1. tölul. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sem eigi brýtur í bága við stjórnarskrána nr. 33/1944, ber að staðfesta kvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku v/b Ásmundar, GK 30, ríkissjóði til handa.

Af hálfu ákærvalds er sakarkostnaðar eigi krafizt úr hendi ákærða.

Ákærði greiði verjanda sínum í héraði og hér fyrir dómi málsvarnarlaun, samtals kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um upptöku v/b Ásmundar, GK 30, ríkissjóði til handa er staðfest.

Ákærði, Kristján Ragnar Sigurðsson, greiði málsvarnarlaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Matthíasar Á. Mathiesens hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 30.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. apríl 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 30. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 234—240/

1968: Ákærvaldið gegn Harry Steinssyni, Halldóri Sigurjóni Sveinssyni, Guðjóni Svanar Sigurjónssyni, Sigurði Lyngberg Magnússyni, Kristjáni Norman Óskarssyni, Gunnari Baldurssyni og Kristjáni Ragnari Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 10. þ. m.

Málið er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 19. janúar s.l. á hendur:

- „1. Harry Steinssyni skipstjóra, Holtagerði 54 í Kópavogi, fæddum 27. september 1933 í Reykjavík.
2. Halldóri Sigurjóni Sveinssyni stýrimanni, Háaleitisbraut 30 í Reykjavík, fæddum 1. apríl 1938 á Ísafirði.
3. Guðjóni Svanar Sigurjónssyni sjómanni, Álfhólsvegi 6 í Kópavogi, fæddum 20. nóvember 1944 í Reykjavík.
4. Sigurði Lyngberg Magnússyni vélstjóra, Stóragerði 3 í Reykjavík, fæddum þar í borg 29. ágúst 1927.
5. Kristjáni Norman Óskarssyni sjómanni, Fálkagötu 28 í Reykjavík, fæddum þar í borg 17. nóvember 1942.
6. Gunnari Baldurssyni vélstjóra, Háaleitisbraut 54 í Reykjavík, fæddum 14. apríl 1935 á Kópaskeri.

Gegn hinum fimm fyrsttöldu, ákærðu Harry, Halldóri Sigurjóni, Guðjóni Svanar, Sigurði Lyngberg og Kristjáni Norman, er málið höfðað fyrir:

- I. Smygl með því að hafa í sameiningu flutt hingað til lands með vélbátnum Ásmundi, GK 30, 64 lesta bát, sem ákærðu höfðu tekið á leigu í því skyni, samtals 12.000 $\frac{1}{4}$ líters flöskur af genever, 120 $\frac{3}{4}$ líters flöskur Baccardi rommi og whisky og 10.000 stk. af vindlingum, sem ákærðu áttu sameiginlega að jöfnu og þeir keyptu um borð í bátinn í Ostende í Belgíu, en varning þennan, sem ákærðu ætluðu til sölu og var eini farmur bátsins, tóku þeir að meginhluta á land í Reykjavík og Hafnarfirði 19. og 20. október 1967 og komu fyrir í skipsflaki á Elliðaárvogi, í bílskúr á Hrístateigi 22 í Reykjavík og síðar í geymslu yfir vélasal í Sænska frystihúsinu við Skúlagötu og í húsinu Álfhólsvegi 6 í Kópavogi (heimili ákærða Guðjóns Svanars), samtals 9.794 flöskur af genever, 1.197 flöskur af genever fundust um borð í bátnum í Hafnarfirði, 48 flöskur af genever höfðu verið seldar, sbr. lið IV, 949 flöskur af genever höfðu að hluta horfið úr bílskúrnum á Hrístateigi, en að hluta glatazt í flutningi og brotnað, 120 flöskur af rommi og whisky og 10.000 stk. af vindlingum höfðu ákærðu flutt úr bátnum í Hafnarfirði og skipt með sér að

jöfnu í landi, og fannst sá varningur að hluta á heimilum ákærðu Guðjóns Svanars, Sigurðar Lyngdals og Kristjáns Normans, en að öðru leyti hafði þess verið neytt, hluta ákærða Halldórs að nokkru hent, en hluti ákærða Harrys horfið úr bifreiðinni Y 1563.

Telst þetta varða við 1. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956, innflutningur áfengisins auk þess við 3. gr., sbr. 1. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. gr., sbr. 12. gr. laga um einkasölu á áfengi nr. 69/1928, en innflutningur tóbaksins auk fyrsttalda ákvæðisins við 1. gr., sbr. 15. gr. laga um einkasölu ríkisins á tóbaki nr. 58/1931.

- II. Að flytja til Belgíu umrætt sinn íslenzka peninga, samtals kr. 440.000.00, eða hver um sig kr. 88.000.00, allt í 100 króna seðlum, sem ákærðu hver fyrir sig afhentu þar í landi til greiðslu framangreinds varnings.

Telst þetta varða við 22. gr., sbr. 2. mgr. 24. gr. reglugerðar um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. nr. 79/1960, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 123/1962, sbr. 5. gr., sbr. 12. gr. laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. nr. 30/1960.

- III. Áður en báturinn kom til hafnar í Ostende í Belgíu og meðan hann var þar í höfn, að leynd nafni bátsins, „Ásmundur“, með því að hvolfna nafnspjaldi hans með því nafni framan á stýrishúsi bátsins og allir í sameiningu að vinna að nýrri áletrun framan á stýrishúsi bátsins og nefna hann þar öðru nafni en báturinn var skráður undir, eða „Þorleif Rognvaldsson“.

Telst þetta varða við 5. mgr. 13. gr., sbr. 25. gr. laga um skráningu skipa nr. 17/1948, sbr. 4. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

- IV. Gegn ákærða Guðjóni Svanar er málið auk þess höfðað fyrir að selja síðdegis föstudaginn 20. október 1967 ónafngreindum kaupanda af framangreindu heildaráfengismagni 4 kassa af genever, eða 48 flöskur, fyrir samtals kr. 16.000.00.

Telst það brot ákærða Guðjóns Svanars varða við 18. gr., sbr. 1. mgr. 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

- V. Gegn ákærða Gunnari Baldurssyni er málið höfðað fyrir að aðstoða aðra ákærðu við flutning og geymslu á hluta framangreinds varnings, sem ætlaður var til sölu, með því

að taka til geymslu á vinnustað sínum í Sænska frystihúsinu 1.464 flöskur af genever og aðstoða ákærðu við að koma því áfengismagni fyrir á geymslulofti yfir vélasal í frystihúsinu.

Telst brot ákærða varða við 1. og 2. mgr. 38. gr. og 2. mgr. 39. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956.

- VI. Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, að ákærðu Harry, Halldór Sigurjón, Guðjón Svanar, Sigurður Lyngberg og Kristján Norman sæti upptöku framangreinds áfengis og tóbaks samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, 33. gr. i.f. áfengislaga, 12. gr. laga um einkasölu á áfengi og 15. gr. laga um einkasölu ríkisins á tóbaki, að vélbáturinn Ásmundur, GK 30, verði samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 33. gr. áfengislaga gerður upptækur til ríkissjóðs, að ákærði Guðjón Svanar sæti upptöku ólöglegs ávinnings af framangreindri áfengissölu, kr. 16.000.00, samkvæmt 1. mgr. 3. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að ákærðu verði allir dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar.

Loks er mál þetta höfðað gegn eiganda m/b Ásmundar, GK 30, Kristjáni Ragnari Sigurðssyni vörubifreiðarstjóra, Víkurbraut 52 í Grindavík, til að sæta upptöku bátsins, svo sem að framan er krafizt“.

Ákærði Kristján Ragnar er fæddur 12/4 1931 í Hafnarfirði.

Enn fremur er málið höfðað með framhaldsákæru saksóknara, dags. 20. f. m.

„Samkvæmt heimild í 118. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála og með vísan til ákæru, dagsettrar 19. janúar 1968, á hendur:

1. Harry Steinssyni skipstjóra, Holtagerði 54 í Kópavogi, fæddum 27. september 1933 í Reykjavík,
2. Halldóri Sigurjóni Sveinssyni stýrimanni, Háaleitisbraut 30 í Reykjavík, fæddum 1. apríl 1938 á Ísafirði,
3. Guðjóni Svanar Sigurjónssyni sjómanni, Álfhólsvegi 6 í Kópavogi, fæddum 20. nóvember 1944 í Reykjavík,
4. Sigurði Lyngberg Magnússyni vélstjóra, Stóragerði 3 í Reykjavík, fæddum þar í borg 29. ágúst 1927,
5. Kristjáni Norman Óskarssyni sjómanni, Fálkagötu 28 í Reykjavík, fæddum þar í borg 17. nóvember 1942,
6. Gunnari Baldurssyni vélstjóra, Háaleitisbraut 54 í Reykja-

vík, ber einnig að höfða opinbert mál gegn framangreindum ákærðu tilgreindum í tl. 1.—5. hér að ofan, sbr. einnig I. lið frumákæru, dagsettrar 22. janúar 1968, fyrir smygl á 600 flöskum af áfengu öli (25 kössum), en framangreint brot ákærðu falli inn í málavaxtalýsingu á tveimur stöðum í I. lið frumákæru næst á eftir orðunum „10.000 stk. af vindlingum“, og er brotið talið varða við sömu lagaákvæði sem í I. lið frumákæru greinir og varða innflutning ákærðu á áfengi.

Þess er krafizt, að hinir framhaldsákærðu verði einnig, að því er þetta brot varðar, dæmdir til refsingar, sakarkostnaðargreiðslu og til að sæta upptöku varningsins, allt samkvæmt tilgreindum lagaákvæðum í VI. lið frumákæru“.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Ákærði Harry hlaut með dómi 30/9 1965 4.000 kr. sekt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum og var sviptur ökuleyfi í 10 mánuði. Hinn 12/2 1960 undirgekkst hann með dómssátt 4.900 kr. sekt fyrir brot á áfengis- og tolllögum og á sama ári 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot. Loks hefur hann tvisvar verið áminntur, í annað skiptið fyrir ölvun, en í hitt skiptið fyrir umferðarlagabrot.

Ákærði Halldór Sigurjón undirgekkst með dómssátt 6/12 1966 3.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga og var sviptur ökuleyfi í 4 mánuði. Á árinu 1957 undirgekkst hann með dómssátt 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða og ólöglegt bifreiðastæði, 150 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrott og hlaut áminningu fyrir brot á 20. gr. bifreiðalaga. Loks undirgekkst hann með dómssátt á árinu 1965 300 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Ákærði Guðjón Svanar hlaut með dómi 1/9 1965 2.000.00 kr. sekt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum og var sviptur ökuleyfi í 4 mánuði. Hinn 26/1 1964 undirgekkst hann með dómssátt 2.000 kr. sekt fyrir brot á 18. gr., sbr. 39. gr. og 16. gr., sbr. 41. gr. áfengislaga og hlaut á sama ári áminningu fyrir umferðarlagabrot. Loks undirgekkst hann á árinu 1965 500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot og 100 kr. sekt fyrir brot á reglum um stöðumæla.

Ákærði Sigurður Lyngberg hefur undirgengizt með dómssátt sektir sem hér segir: Á árinu 1945, 10 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjólí, árið 1955 100 kr. sekt fyrir brot á 6. gr. umferðarlaga og 32. gr. lögreglusamþykktar, árið 1960 50 kr. sekt og síðar

á árinu 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði og 600 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið, árið 1963 100 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot og 400 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga. Loks hlaut ákærði á árinu 1958 tvisvar áminningar, í annað skiptið fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga, en í hitt skiptið fyrir lögreglusamþykktarbrot, og á árinu 1962 var hann áminntur fyrir rangstöðu bifreiðar.

Ákærði Kristján Norman undirgekkst árið 1960 150 kr. sekt, árið 1963 500 kr. sekt og árið 1965 500 kr. sekt í öll skiptin fyrir ölvun. Á árinu 1960 hlaut hann áminningu fyrir sams konar brot.

Ákærði Gunnar var með dómi 16/6 1954 sýknaður af ákæru fyrir brot á 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga. Á árinu 1962 undirgekkst hann með dómssátt 100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar og árið 1965 200 kr. sekt fyrir brot á 51. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningum ákærðu og öðrum gögnum í máli þessu:

Með bréfi, dags. 20. október 1967, fór tollgæzlustjóri hér í borg þess á leit við sakadóminn, að rannsókn yrði látin fara fram vegna gruns um, að áfengi hefði verið flutt hingað til lands ólöglega með m/b Ásmundi, GK 30. Segir í bréfi tollgæzlustjóra, að bátur þessi hafi farið frá Vestmannaeyjum miðvikudaginn 4. október og skipstjórinn sagzt ætla á veiðar. Tollgæzlustjóri kveðst hins vegar hafa fengið þær upplýsingar utan lands frá, að fiskibátur með heitinu Þorleifur Rögnvaldsson, ÓF 36, en svo hafi m/b Ásmundur áður heitið, hafi komið til Belgíu, keypt þar allmikið magn af áfengi og haldið þaðan aftur hinn 11. október. Þar sem enginn bátur finnst nú með nafninu Þorleifur Rögnvaldsson, liggi fyrir grunur um það, að m/b Ásmundur hafi verið erlendis og fyrrverandi nafn á honum verið notað. Núverandi eigandi m/b Ásmundar, sem sé búsettur í Grindavík, hafi leigt hann skipshöfn þeirri, sem nú sé á honum. Kveður tollgæzlustjóri ekki vera vitað um ferðir m/b Ásmundar á þessum tíma þar til 20. október, er hann kom til Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipshafnarskrá, undirritaðri af ákærða Harry, voru skipverjar á m/b Ásmundi þessir: Harry Steinsson, Holta-gerði 54, Kópavogi, skipstjóri, Halldór Sveinsson, Háaleitisbraut 30, Reykjavík, stýrimaður, Sigurður L. Magnússon, Stóragarði 3, Reykjavík, vélstjóri, Guðjón Sigurjónsson, Álfhólsvegi 6, Kópavogi, og Kristján Óskarsson, Hringbraut 59, Reykjavík, hásetar. Vistmánuður er talinn byrja 27/9 og sagt, að báturinn eigi að fara á botnvörpuveiðar. Ákærðu Halldór Sigurjón og Kristján

Norman rita nöfn sín á skrána því til staðfestingar, að þeir séu ráðnir á bátinn, en eigi aðrir ákærðu.

Fimmtudaginn 19. október var Sigurður Þórðarson brunavörður, Selvogsgötu 15 í Hafnarfirði, á vakt við olíuskipið Stapafell á tímanum frá kl. 0400—1115, þar sem það lá við svokallaða olúbryggju, sem er yzt á hafnargarðinum í Hafnarfirði. Á aðalhafnargarðinn þveran liggur svokallað þverker, sem fiskibátar liggja oft við. Seint á vakttímanum, er hjart var orðið, veitti vitnið athygli bát, sem kom inn höfnina. Var hér um Ásmund, GK 30, að ræða og lagðist hann innanvert við þverkerið utan á bátana Fróðaklett, sem var næst bryggjunni, og Faxaborg, þannig að báturinn var sá þriðji frá bryggju. Um það leyti sem báturinn lagðist að, bar að bifreið úr Reykjavík, og var í henni fólk, sem komið var til að taka á móti honum. Skömmu síðar bar að fleiri bifreiðar úr Reykjavík og Kópavogi. Furðaði vitnið sig á þessu, þar sem m/b Ásmundur var frá Grindavík samkvæmt skilti á honum. Vitnið varð ekki vart við það, að neitt væri flutt úr bátunum í bifreiðarnar, en það kveðst hafa séð, að bifreið úr Kópavogi hafði verið opnuð að aftan og menn að sýsla þar. Vitnið minnir, að bifreiðarnar hafi verið kyrrar á bryggjunni, er það fór af vaktinni.

Ákærði Sigurður Lyngberg var handtekinn í Hafnarfirði að kvöldi föstudagsins 20. október á bryggju þeirri, er m/b Ásmundur lá við, er hann var að fara út í bátinn. Höfðu aðrir meðákærðu einnig verið þarna, en haldið á brott, er þeir urðu varir við tollgæzlu- og lögreglumenn. Voru ákærðu Harry, Halldór Sigurjón og Guðjón Svanar handteknir heima hjá sér sama kvöld, en ákærði Kristján Norman morguninn eftir. Jafnframt framkvæmdu tollverðir leit í m/b Ásmundi, þar sem hann lá við bryggju í Hafnarfirði, en báturinn hafði komið frá Belgíu, eins og áður greinir, án þess að tollafgreiðsla færi fram. Fundust við leitina 1.197 lítrar af genever í lest bátsins og lúkar. Var lagt hald á áfengi þetta. Á brú m/b Ásmundar var spjald með áletruninni „Ásmundur — Grindavík“. Spjald þetta var rautt á lit og stafirnir á því hvítir. Skrófuðu tollverðir það af, og kom þá í ljós, að hinum megin var það grænt, og stóð þar á því með bláum stöfum „ÞORLEIF ROGNVALDSSON — OLAFSFIJÖRÐUR“. Í upphafi rannsóknar máls þessa gaf tollgæzlustjóri rannsóknarlögreglunni þær upplýsingar, að skipverjar á m/b Ásmundi hefðu keypt 1.000 kassa, eða 12.000 flöskur, af áfengi í umræddri ferð til Belgíu.

Voru nú ákærðu teknir til yfirheyrslu og jafnframt gerð hús-

leit hjá þeim. Var fyrst leitað hjá ákærða Harry, sem neitaði að gefa nokkrar upplýsingar, en leitin bar ekki árangur. Ákærði Sigurður Lyngberg viðurkenndi, að báturinn hefði farið til útlanda og tekið þar í borg nokkurri töluvert magn af áfengi, en eigi kvaðst hann hafa átt neitt af farmi þessum. Hins vegar viðurkenndi hann að hafa flutt með sér hingað til lands 2 kassa, eða 24 flöskur, af Baccardy rommi og 5 kassa af bjór. Við leit heima hjá ákærða fannst áfengi þetta. Ákærði Halldór Sigurjón neitaði að svara því, hvort báturinn hefði farið til útlanda í umrætt sinn, og eigi vildi hann gera grein fyrir áfengi því, er fannst í bátnum. Leit á heimili ákærða bar ekki árangur. Ákærði Guðjón Svanar neitaði að gefa nokkrar upplýsingar. Var gerð húsleit heima hjá honum. Fundust þar í geymslu inn af miðstöðvarherbergi 83 kassar og 11 lausar flöskur af genever, 12 flöskur af whisky, 12 flöskur af rommi og 5 kassar af Tuborg bjór. Ákærði Kristján Norman, er var handtekinn að morgni laugardagsins 21. október, viðurkenndi, að ákærðu hefðu farið umrædda ferð á m/b Ásmundi til Belgíu og þar hefði verið tekið eitthvað af áfengi, sem ákærðu hefðu átt allir jafnan hlut í, en eigi vildi hann segja, um hve mikið magn hefði verið að ræða. Þá kvað ákærði þá hafa keypt vindlinga og 5 kassa hver af bjór. Kvað ákærði nokkurs hafa verið neytt af þessu á leiðinni hingað til lands. Ákærði viðurkenndi einnig, að hann ætti heima 1 kassa af Baccardi rommi, sem hann hefði komið með. Við leit heima hjá ákærða fannst eftirtalinn varningur: 1 kassi af Baccardi rommi, 2 kassar af Tuborg bjór og 9 lengjur af vindlingum.

Ákærðu voru allir að afloknum yfirheyrslum fluttir í hegningarhúsið við Skólavörðustíg og daginn eftir, laugardaginn 21. október, voru þeir úrskurðaðir í allt að 60 daga gæzluvarðhald. Sátu þeir í varðhaldinu til 23. nóvember.

Mánudaginn 23. október mætti ákærði Gunnar Baldursson ótilkvaddur hjá rannsóknarlögreglunni. Skýrði hann frá því, að hann hefði tekið áfengisbirgðir til geymslu að kvöldi föstudagsins 20. sama mánaðar fyrir mág sinn, ákærða Halldór Sigurjón. Hefði þeim verið komið fyrir í varahlutageymslu í Sænsk-íslenska frystihúsinu, en ákærði Gunnar er þar vélstjóri. Ákærði skýrði frá því, að áfengisbirgðirnar, sem væru í pappakössum, hefðu verið fluttar á staðinn á bifreið í tveimur ferðum. Við leit á framangreindum stað fann rannsóknarlögreglan að tilvísun ákærða Gunnars 122 kassa af Blankenheym Genever, er voru í lítilli geymslu yfir vélasal.

Leit að áfenginu úr m/b Ásmundi var haldið áfram daginn eftir, þriðjudaginn 24. október. Beindist athygli lögreglunnar að vinnustað ákærða Sigurðar Lyngbergs, en fyrirtæki hans heitir jarðvinnuvélar og er á Gelgjutanga hér í borg. Í fjörunni framundan fyrirtækinu lá gamalt stálskip, Vísundur, RE 280, er talið er ósjófært. Smágat var á hlið skipsins og opnar lestarlúgur, en á því var stórt og gott stýrishús úr stáli, gluggalaust og hurðir boltaðar aftur. Skipið stóð á þurru á fjöru, en flaut upp á flóði. Börn voru að leik í skipinu. Rannsóknarlögreglumennirnir Leifur Jónsson og Njörður Snæhólm rannsökuðu skipið nánar. Var farið út í það og þegar farið var að athuga hurðarboltana, sást, að nýlega hafði verið hreyft við þeim. Var stýrishúsið opnað, og kom í ljós, að það var sem næst fullt af kössum með genever flöskum. Við talningu reyndust áfengisbirgðir þessar vera 610 kassar og 3 flöskum betur af Blankenheym Genever í upphaflegum umbúðum. Lagði lögreglan hald á áfengi þetta.

Lögreglan telur sig þannig hafa lagt hald á alls 916 kassa með 12 flöskum hver af genever, en í þeim voru 36 flöskur brotnar, 1 kassa með 12 flöskum af whisky, 3 kassa af Baccardi rommí, einnig með 12 flöskum hver, og 11 kassa með alls 264 flöskum af áfengum bjór.

Við endurtalningu þeirra Sigurgeirs Ásbjörnssonar, fulltrúa á tollstjóráskrifstofunni, og Valdimars Sörensens dómvarðar kom í ljós, að áfengis- og tóbaksbirgðirnar, sem lagt var hald á, voru sem hér segir, og er verð þeirra miðað við verðskrá Áfengisverzlunar ríkisins 12. október á fyrra ári:

12 $\frac{1}{4}$ fl. whisky	á kr. 465.00	5.580.00
48 $\frac{1}{4}$ fl. romm	— 460.00	22.080.00
10.938 ltr. genever	— 470.00	5.140.860.00
90 pk. vindlingar	— 37.00 (smásöluv.)	3.330.00

Samtals kr. 5.171.850.00

Þá voru 49 flöskur af genever að auki brotnar, en þær hefðu heilar verið að verðmæti samkvæmt framangreindu verði kr. 23.030.00. Loks voru 11 kassar, eða 264 $\frac{1}{2}$ flöskur, af áfengum bjór, eða 132 lítrar.

Við rannsókn málsins kom í ljós, að ákærðu Harry og Halldór Sigurjón höfðu upphaflega með samningi, dags. 27. 9. 1967, tekið m/b Ásmund, GK 30, sem er 64 lestir að stærð, á leigu af eiganda

hans, Kristjáni Ragnari Sigurðssyni, Grindavík. Eftir undirritun samningsins geðust ákærðu Guðjón Svanar, Kristján Norman og Sigurður Lyngberg einnig aðiljar að honum og tóku á sig skuldbindingar þær, sem þeir ákærðu Harry og Halldór Sigurjón höfðu undirgengizt. Samkvæmt samningum hófst leigutími bátsins 27. september 1967 og lauk hinn 15. desember sama ár. Leigan var ákveðin 70 þúsund krónur á mánuði og var greidd fyrirfram fyrir fyrsta mánuðinn, en fyrir eftirstöðvunum voru útbúnir víxlar, sem ákærðu árituðu. Báturinn var leigður til fiskveiða, en án veiðarfæra. Áttu leigutakar að taka við bátnum fullbúnum til veiða í Keflavíkurhöfn, og skal undirritun þeirra undir samninginn vera viðurkenning fyrir móttöku bátsins. Að leigutíma loknum skyldu þeir skila bátnum við bryggju í Reykjavíkurhöfn. Leigutakar áttu að greiða allan rekstrarkostnað bátsins fyrir ofangreint tímabil, að undanskildu því, að leigusali skyldi greiða vita- og lestargjöld svo og vátryggingargjöld. Í niðurlagi samningsins segir loks orðrétt á þessa leið: „Hvenær sem leigusali kynni að óska þess á leigutímabilinu, að leigutakar setji honum hæfilega tryggingu fyrir því, að sjóveð eða önnur lögveð falli ekki á bátinn, skuli leigutökum skylt að láta leigusala í té slíka tryggingu að viðlögðum riftunarrétti á leigumálum af hálfu leigusala, án þess hann missi leigurétt sinn fyrir bátinn til leigusamningsloka“.

Ákærði Kristján Ragnar Sigurðsson eigandi m/b Ásmundar, GK 30, hefur fyrir dómi skýrt frá því, að hann hafi keypt bátinn í maímánuði 1966 af Sigvalda Þorleifssyni, Ólafsfirði. Hét báturinn þá Þorleifur Rögnvaldsson, ÓF 36. Ákærði kveðst ekki hafa látið umskrá bátinn né breyta nafni hans fyrr en í febrúar 1967. Ákærði hafði leigt bátinn til fiskveiða til ágústloka 1967. Þegar leigutíminn rann út, sneri hann sér til Halldórs Halldórs-sonar skipasala, Vesturgötu 3 hér í borg, og bað hann að annast leigu á bátnum fyrir sig. Kom hann ákærða í samband við ákærðu Harry og Halldór, sem ákærði þá þekkti ekki. Tókust samningar um leigu bátsins með þeim skilmálum, er í samningi greinir. Í upphafi ætluðu ákærðu Harry og Halldór Sigurjón að vera leigutakar, en síðar bættust ákærðu Guðjón Svanar, Sigurður Lyngberg og Kristján Norman í hópinn. Ákærðu tóku við bátnum í Keflavíkurhöfn nokkru eftir 10. september, en þann dag hafði verið ætlunin að leigutíminn hæfist. Fóru þeir með bátinn til Hafnarfjarðar og fékk vélstjórinn þar leiðbeiningar um meðferð vélarinnar. Héldu ákærðu nokkru síðar frá Hafnarfirði, en

komu brátt aftur. Hringdu þeir til ákærða og kröfðust viðgerðar á vélinni, en kváðust ella mundu ganga frá leigusamningnum. Ákærði varð við kröfu ákærðu og sá um lagfæringu á vélinni. Ákærðu höfðu orð á því, að þeir ætluðu á ufsaveiðar með handfæri út af Austfjörðum, og voru því engin veiðarfæri leigð með bátnum. Ákærði kveðst ekki muna, hvaða skjöl hafi fylgt bátnum, en kveður vel hafa getað verið skjöl í skúffum í honum, er hljóðuðu á fyrra nafn hans. Það var umsamið við ákærðu, að ákærði greiddi hjá skráningarstjóranum í Grindavík gjald af einhverjum skjölum varðandi umskráningu bátsins og hafi síðan átt að senda þau til þeirra. Þegar 12 dagar voru liðnir, frá því að báturinn fór frá Hafnarfirði, kveðst ákærði hafa hringt í konu skipstjórans, en hún hafi sagt sér, að hún hefði ekkert frétt af manni sínum og hafi því ekki orðið af sendingu skjalanna. Þegar breytt var um nafn á bátnum, stóðu orðin Þorleifur Rögnvaldsson framan á brúnni með upphleyptum stöfum. Ákærði tók þá af og málaði síðan nafnið Ásmundur framan á brúna. Síðar, veturinn 1967, lét hann útbúa skilti með nafninu Ásmundur, og var það sett framan á brúna. Ákærði kveðst ekkert hafa vitað um ferðir bátsins, frá því að hann fór frá Hafnarfirði, þar til hann frétti að kvöldi laugardagsins 21. október, hvað komið hefði í ljós um atferli ákærðu á bátnum.

Vitnið Halldór Ísleifur Halldórsson skipasali, til heimilis að Njálsgötu 59 hér í borg, hefur staðfest, að hann hafi haft milligöngu um leiguna á m/b Ásmundi í umrætt sinn. Kveður vitnið ákærðu Harry og Halldór Sigurjón hafa snúið sér til sín í byrjun ágústmánaðar og beðið sig að útvega sér bát á leigu af svipaðri stærð og m/b Ásmund. Fóru fram samningaumleitanir um leigu á bátnum milli ákærðu og ákærða Kristjáns Ragnars, er leiddu til þess, að samningar tókust. Um það bil tveimur dögum áður en samningurinn var undirritaður, tilkynntu ákærðu, að leigutakarnir yrðu fimm. Vitnið kveðst hafa þekkt leigusalann, ákærða Kristján Ragnar, en leigutakana þekkti það ekki. Ákærðu komu allir til að undirrita samninginn, og var það í eina skiptið, sem vitnið sá ákærðu Guðjón Svanar, Sigurð Lyngberg og Kristján Norman. Leigutakarnir sögðu, að þeir ætluðu að nota bátinn til handfæraveiða, og tóku sérstaklega fram, að þeir ætluðu á ufsaveiðar við Austurland. Við samningsgerðina greiddu leigutakarnir fyrirfram leiguna fyrir fyrsta mánuðinn, kr. 70.000.00. Auk þess skrifuðu þeir allir upp á tvo víxla, hvorn að upphæð kr. 70.000.00, að því er vitnið minnir, þó kunni annar víxillinn að hafa verið

lægri, þar eð það dróst, að báturinn kæmi úr slipp í Keflavík. Vitnið minnir, að ákærði Halldór Sigurjón hafi verið samþykki-andi víxlanna, ákærði Harry útgefandi, en hinir ábyrgðarmenn. Vitnið kveður ákærða Kristján Ragnar hafa komið til sín að morgni mánudagsins 23. október og fengið hjá sér frumrit samningsins. Hafi hann haft á orði, að hann ætlaði að koma því til sakadómsins.

Samkvæmt veðbókarvottorði, dags. 5. febrúar s.l., frá sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetanum í Hafnarfirði er m/b Ásmundur, GK 30, þinglesin eign ákærða Kristjáns Ragnars samkvæmt afsali, dags. 27/1 1967. Hvíla eftirtaldar veðskuldir á bátnum: Með 1. veðrétti kr. 1.415.000.00 til Fiskveiðisjóðs Íslands samkvæmt veðbréfum, dags. 29/4 1957, 12/10 1960 og 1/9 1962, með 2. veðrétti kr. 100.000.00 til ríkissjóðs Íslands samkvæmt veðbréfi, dags. 6/7 1957, og með 3. veðrétti kr. 799.000.00 til handhafa veðskuldabréfs, dags. 20/5 1966.

Samkvæmt framburðum ákærðu verður að telja, að ákærði Harry hafi átt frumkvæðið að kaupunum á geneverfarminum. Ákærðu Harry, Halldór Sigurjón, Guðjón Svanar og Kristján Norman höfðu allir verið farmenn á skipum Jökla h/f og kynnt þar. Ákærði Sigurður Lyngberg hafði ekki verið í siglingum, en hann og ákærði Harry höfðu kynnt fyrir allmörgum árum. Þegar ákærðu voru í siglingum á skipum Jökla h/f, komu þeir oft til Rotterdam og komust þá í kynni við Petrus Johannes Seeuwen, sem var umboðsmaður skipafélagsins þar og jafnframt ræðismaður Íslands. Kveður ákærði Harry hafa borizt í tal milli þeirra fyrir 1—2 árum, hvaða skilyrði þyrftu að vera fyrir hendi til að fá lestaðan áfengisfarm. Sagði Seeuwen ákærða, að skipstjóri þyrfti að sanna, að hann væri löglega að skipi kominn. Vegna væntanlegra kaupa á genever datt ákærða Harry í hug að setja sig í samband við Seeuwen. Átti hann símtal við hann frá Landsímastöðinni í Reykjavík til að kanna málið, og var ákærði Halldór Sigurjón viðstaddur, er símtalið fór fram. Í símtali þessu var ekkert afráðið um kaupin, þar sem Seeuwen kvaðst bráðlega mundu koma til Reykjavíkur. Kveður ákærði Harry Seeuwen hafa verið staddan hér í byrjun september og hann farið til fundar við hann á Hótel Sögu til að ræða málið. Kaupin voru þó ekki fullráðin þá, heldur í bréfi og símskeyti síðar.

Með gögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu, er staðfest, að nefndur Petrus Johannes Seeuwen dvaldist hér á landi frá 30. ágúst—7. september á fyrra ári og bjó á Hótel Sögu.

Ákærði Harry kveður ákærðu ekki hafa bundizt fastmælum um ferðina til Belgíu, fyrr en hann hafði hringt til Seeuwen til að spyrjast fyrir um áfengis kaupin, og raunar ekki fyrr en bréfið og símskeytið voru send.

Ákærðu afréðu að festa kaup á 1.000 kössum, eða 12.000 flöskum, af genever. Var ákveðið, að þeir skyldu koma til Ostende í Belgíu og veita farminum þar viðtöku. Skyldu þeir greiða fyrir áfengið við móttöku kr. 425.000.00. Áttu þeir að annast hver fyrir sig greiðslu þessa að jöfnu, þannig að hver þeirra átti að greiða kr. 85.000.00. Eigi var þetta endanleg greiðsla, að því er ráðið verður af framburðum ákærðu, heldur átti meira að greiðast síðar, ef áform þeirra heppnaðist. Kveða sumir ákærðu endanlegt verð hvers kassa hafa átt að vera kr. 800.00. Ákærðu ætluðu að koma geneverfarminum til geymslu í m/b Vísundi, RE 280, er heim kæmi. Skip þetta hafði ákærði Sigurður Lyngberg keypt fyrir nokkrum árum ásamt öðrum manni, og lá það ósjófært í fjörunni á Gelgjutanga fyrir framan fyrirtæki ákærða. Nýtt stýrishús hafði verið sett á skipið, en aðra viðgerð hafði það ekki hlotið, eftir að ákærði eignaðist það. Ákærðu kveðast hafa ætlað geneverinn til sölu, er heim kæmi, en eigi höfðu þeir þó útvegað neina kaupendur að honum. Höfðu ákærðu Guðjón Svanar og Kristján Norman tekið að sér að annast söluna.

Auk framangreinds fjár tóku hver ákærði með sér í ferðina 3.000.00 kr., sem þeir ætluðu til kaupa á sterku áfengi annarrar tegundar, áfengum bjór og vindlingum.

Ákærði Harry kveðst hafa átt að mestu handbært fé til greiðslu á sínum hluta af áfenginu, en 20 þúsund krónur, er á vantaði, hafi hann tekið að láni hjá 14 ára gamalli dóttur sinni. Þá kveðst ákærði hafa gert kaupmála við konu sína í sama mánuði og hann fór í umrædda ferð. Var íbúð þeirra svo og innanstokksmunir gert að séreign konunnar með kaupmálanum. Ákærði vill þó halda því fram, að kaupmálinn hafi eigi verið gerður vegna ferðarinnar, heldur hafi alltaf staðið til að gera hann, þótt úr því yrði ekki fyrr en þá.

Ákærði Halldór Sigurjón kveðst hafa átt handbært fé til fararinnar. Hann gerði og kaupmála við konu sína, nokkru áður en ferðin var farin, en eigi kveður hann það hafa verið gert í sambandi við ferðina, heldur hafi það verið áformað löngu áður, þótt af því yrði ekki fyrr en þá. Með kaupmálanum var íbúð hans og konu hans svo og innanstokksmunir séreign konunnar.

Ákærði Guðjón Svanar kveðst að mestu hafa átt handbært fé vegna fararinnar, en hafi þó þurft að fá nokkuð að láni.

Ákærði Sigurður Lyngberg kveðst vera eigandi Jarðvinnuvéla ásamt öðrum manni og prókúruhafi fyrirtækisins. Kveðst ákærði hafa tekið af fé fyrirtækisins kr. 90.000.00 í peningum og ávísun að fjárhæð kr. 14.000.00 til greiðslu á áfenginu og öðrum útgjöldum vegna ferðarinnar. Ákærði kveðst aldrei hafa stundað farmennsku, en hafa látið tilleiðast að verða með í þessu.

Ákærði Kristján Norman kveðst hafa haft handbært það fé, sem hann þurfti til fararinnar. Ákærðu hafa látið í veðri vaka, að fyrir þeim hafi vakað upphaflega að taka m/b Ásmund á leigu og fara á honum á veiðar og jafnvel sigla með aflann, en síðan hafi þetta áform þeirra breytt.

Eins og áður er rakið, hófst leigutíminn á m/b Ásmundi hinn 27. september, en ákærðu höfðu veitt bátnum viðtöku nokkrum dögum áður í Keflavík og siglt honum til Hafnarfjarðar. Að sögn ákærða Halldórs Sigurjóns hafði leigutíminn átt að hefjast 10. september, en dráttur varð á afhendingu bátsins. Ákærðu greiddu að jöfnu sinn hluta í leigunni fyrir bátinn svo og í öðrum kostnaði vegna ferðarinnar til Belgíu.

Ákærði Harry kveðst hafa tekið lokapróf í Stýrimannaskól-anum 1957 og hafa ótakmörkuð skipstjórnarréttindi. Ákærði Halldór Sigurjón kveðst hafa lokið stýrimannsprófi árið 1961 og hafa síðan starfað sem stýrimaður á skipum Jökla h/f. Ákærði Guðjón Svanar kveðst hafa stundað farmennsku á skipum Jökla h/f í 4½—5 ár. Ákærði Sigurður Lyngberg kveðst ekki hafa neins konar vélstjóraréttindi, en hafa fengizt við vélar s.l. 20 ár. Ákærði kveður ákærða Harry hafa útvegað eitthvert plagg, sem hann hafi skrifað undir. Hafi ákærði Harry jafnframt sagt, að hann ætlaði að útvega undanþágu. Ákærði Kristján Norman kvaðst hafa lokið stýrimannsprófi fyrir um 3 árum.

Ákærðu Sigurður Lyngberg og Kristján Norman kveðast ekki vita, hvaða skjöl hafi fylgt m/b Ásmundi. Ákærði Harry kveður flest skipsskjöl með fyrra nafni hafa fylgt bátnum, en vantað hafi þjóðernis- og skráningarskírteini svo og alþjóðlegt mælingarbréf. Hins vegar hafi fylgt á hið nýja nafn bátsins haffæris- og fjarskiptaskírteini. Ákærði Guðjón Svanar kveður og mælingarbréf með eldra nafni bátsins hafa fylgt honum, og einnig kveðst hann halda, að haffæris-skírteini á eldra nafn bátsins, sem gefið var út í febrúar eða marz og takmarkað við siglingar hér við

land, hafi verið fyrir hendi. Kveðst ákærði þó ekki vita nema það hafi verið útrunnið. Ákærði kveður ráð hafa verið fyrir því gert við Halldór Halldórsson skipasala að fá fullkomið haffæris-skírteini, á meðan ákærðu höfðu önnur áform í huga en framkvæmd voru. Einnig hafi ákærðu ætlað til þess, að þeir fengju fullkomið mælingarbréf, en hvorugt hafi fengist. Kveður ákærði skipsskjölin nánast hafa verið grafin upp úr drasli.

Að kvöldi miðvikudagsins 27. september lögðu ákærðu af stað frá Hafnarfirði á m/b Ásmundi áleiðis til Ostende í Belgíu. Þegar komið var suður fyrir Reykjanesskaga, varð bilun í vél bátsins og fleiru, og var snúið við aftur til Hafnarfjarðar. Var höfð viðdvöl þar, á meðan viðgerð fór fram. Var viðgerð lokið sunnudaginn 1. október, og var lagt af stað aftur að kvöldi þess dags. Komið var til Vestmannaeyja um hádegi daginn eftir. Var rafallinn þá bilaður og beðið, á meðan viðgerð fór fram. Viðgerð var lokið að kvöldi þriðjudagsins 3. október, og var lagt af stað skömmu fyrir miðnætti. Á leiðinni voru hafðar vaktir. Voru saman á annarri vaktinni ákærðu Harry og Guðjón Svanar og á hinni ákærðu Halldór Sigurjón og Kristján Norman, en ákærði Sigurður Lyngberg var utan vakta.

Daginn áður en báturinn kom til Ostende, þ. e. sunnudaginn 8. október, skrífaði ákærði Sigurður Lyngberg skiltið með nafni bátsins af brúnni. Var síðan málað á bakhlið þess „ÞORLEIF ROGNVALDSSON — OLAFSFIJÖRÐUR“. Kveðst ákærði Sigurður Lyngberg hafa byrjað að mæla fyrir stöfum, gera hólfi fyrir þá og verið byrjaður að mála, en ákærðu Harry og Guðjón Svanar hafi lokið því verki. Skiltið var grænt á bakhlið, og voru stafirnir á því hafðir bláir. Ákærðu festu síðan skiltið aftur á brúna, þannig að bakhliðin með framangreindu nafni og heimilisfangi vissi út. Á kinnung bátsins stóð GK 30, en ekkert nafn. Ákærðu Halldór Sigurjón og Kristján Norman voru ekki á vakt, er þetta gerðist, og unnu því ekki að þessu.

Ákærðu komu til Ostende mánudaginn 9. október um hádegi. Kveður ákærði Harry þá hafa aðeins þurft að sýna mælingarbréf, en það hljóðaði á fyrra nafn bátsins. Ákærðu höfðu skiltið með nafninu Þorleifur Rognvaldsson uppi þar til á heimleið, er þeir voru komnir í nánd við Færeyjar, að sumir þeirra hafa talið, en þá var því snúið við aftur.

Þegar komið var til Ostende, hringdi ákærði Harry til Seeuwen og tilkynnti honum komu bátsins. Brá hann skjótt við og kom til Ostende um kvöldið. Var báturinn þá orðinn mikið á eftir

áætlun, þar sem ráðgert hafði verið að hann yrði kominn til Ostende 6 dögum eftir fyrri brottfarardaginn frá Hafnarfirði.

Samkvæmt upplýsingum frá N. V. Blankenheym & Nolet's Distilleerderu í Rotterdam í Hollandi, þar sem geneverfarmurinn var keyptur, hafði N. V. Import & Export J. A. Stam í Amsterdam fyrst samband við fyrirtækið símleiðis hinn 25. september s.l. út af kaupunum. Fóru tveir starfsmenn fyrirtækisins og ræddu við J. A. Stam um málið hinn 27. sama mánaðar. Afgreiddi fyrirtækið síðan til hans hinn 10. október 1.000 kassa, eða 12.000 lítra, af gömlum genever, og var verð þeirra alls 27.800 hollenzk gyllini, en til frádráttar kom 15% afsláttur, þannig að endanlegt verð var 23.630 gyllini.

Franciscus Pieter Z. van Heijningen, prókúruhafi fyrir N. Y. Blankenheim & Nolet's Distilleerderu, hefur mætt sem vitni í máli þessu. Vitnið kveður geneverfarminn hafa verið seldan „ex factory“, þ. e. við verksmiðjudyr, og sendan með flutningafirma til vörugeymslu í Antwerpen. Hafi skjölin verið útbúin í samræmi við þetta. Farmurinn var sóttur á bifreið með tengivagni. Vitnið kveður fyrirtækið J. A. Stam vera skráð af ríkinu sem útflutnings- og innflutningsfirma og hafi þetta allt virzt mjög traustvekjandi, en fyrirtæki vitnisins hefur aldrei haft viðskipti við firma þetta. J. A. Stam vildi ekki skýra nánar frá því, hvert áfengið ætti að fara, en tók fram, að þetta ætti að sendast til Antwerpen. Kveður vitnið engum hafa dottið í hug, að farmurinn ætti að fara til Íslands. Ætlunin var að selja áfengið gegn staðgreiðslu, en vegna þess hve þeim leizt vel á J. A. Stam, var veittur gjaldfrestur, og kom greiðslan fyrir það síðar. Á vörureikninginn var skráð J. A. Stam og ákvörðunarstaður áfengisins, sem hann hafði gefið upp. Fyrirtæki vitnisins útvegaði útflutningsleyfi fyrir áfenginu til Belgíu. Aðspurt um það, hvort hollenzk fyrirtæki geri svo stórar pantanir til frihafnar í Belgíu, kvað vitnið svo ekki vera. Þetta sé um það bil helmingi meira magn en venjulegt sé. Vitnið bætti því þó við, að svipað magn og þetta sé stundum sent til einstakra ákvörðunarstaða, t. d. í Þýskalandi eða Quebeck í Kanada. Vitnið kveðst ekki hafa átt viðskipti við Seeuwen, en heyrt á hann minnzt í sambandi við það, að hann er umboðsmaður fyrir íslenzkt skipafélag. Vitnið var veikt í um vikutíma, eftir að framangreind pöntun var afgreidd, en það kveðst hafa heyrt minnzt á Seeuwen í flutningadeildinni í sambandi við sendingu hennar og fyrirtækið J. A. Stam. Ákærðu höfðu ekki látið Seeuwen vita um töfina, og sagði hann þeim,

að sögn ákærða Halldórs Sigurjóns, er hann kom út í bátinn til þeirra, að áfengið hefði farið til baka, að ákærða skildist til Hollands. Kvaðst hann þó mundu koma því til Ostende.

Miðvikudaginn 11. október rétt eftir hádegi var komið með geneverfarminn að skipshlið á flutningabifreið með tengivagni. Sáu þarlendir verkamenn um útskipun hans í bátinn, en ákærðu aðstoðuðu við að koma honum fyrir í lest og lúkar. Fór þetta fram án nokkurrar leyndar. Farmurinn átti að vera 1.000 kassar af genever. Ákærði Kristján Norman kveðst ekki hafa talið kassana, og ákærði Sigurður Lyngberg veit ekki, hvort þeir voru taldir, en tollverðir voru viðstaddir útskipunina. Ákærði Guðjón Svanar kveðst hins vegar hafa talið kassana og sömuleiðis hafi tollverðirnir talið þá, er þeir voru teknir úr bifreiðinni og skipað út í bátinn. Að útskipun lokinni innsigliðu tollverðir lestina og lúkarinn.

Auk geneverfarmsins keyptu ákærðu alls 10 kassa, eða 120 flöskur, af Baccardi rommi og whisky, 25 kassa, eða 600 flöskur, af áfengum bjór og 50 lengjur, eða 10.000 stk., af vindlingum. Ákærðu skiptu þessu jafnt á milli sín, og greiddi hver þeirra kr. 3.000.00 fyrir sinn hluta. Tollverðir innsigliðu einnig áfengisbirgðir þessar, að sögn ákærða Sigurðar Lyngbergs. Ákærðu kveða þó tollverðina hafa fengið eitthvað af þessu og eins hafi þeir notað eitthvað á leiðinni hingað.

Að kvöldi miðvikudagsins 11. október, nokkru áður en ákærðu héldu á brott frá Ostende, kom Seeuwen út í bátinn til þeirra. Ákærðu staðhæfa, að þeir hafi ekkert vitað um, hvernig hann fór að því að útvega þeim áfengið. Kveðast þeir engin útflutningsskjöl hafa séð varðandi það. Seeuwen kom með kvittun, sem ákærði Harry undirritaði um móttöku farmsins. Jafnframt greiddi hver ákærðu kr. 85.000.00, eða samtals kr. 425.000.00, í hundrað króna seðlum til hans, og lét hann þá hafa kvittun fyrir móttöku fjárens. Ákærðu kveðast hafa átt að greiða meira fyrir áfengið, ef áform þeirra heppnaðist, og hafa sumir þeirra haldið því fram, að verð hvers kassa hafi þá átt að vera kr. 800.00. Ákærði Sigurður Lyngberg kveðst þó hafa talið, að greiðslan til Seeuwen væri fullnaðargreiðsla. Í þessu verði átti að vera innifalið flutningskostnaður að skipshlið, greiðsla á hafnargjöldum og útskipunarkostnaður.

Ákærðu kveðast hafa notið leiðsagnar hafnsögumanna, er þeir komu til Ostende og eins er þeir héldu þaðan á brott. Kveðast

ákærðu Harry og Halldór Sigurjón hafa sagt þeim, að þeir væru að koma frá L'Havre í Frakklandi og væru á leið til Færeyja, en hefðu komið við í Ostende til að taka vistir og olíu.

Á leiðinni til Íslands fengu ákærðu tvisvar vont veður. Kveða þeir sjó hafa komið í farminn og hann spillt. Ákærði Harry kveður hafa verið haldna leiðarþók, en hún hafi blotnað og eyðilagzt og því verið hent.

Ákærðu komu til Reykjavíkur snemma að morgni fimmtudagsins 19. október og héldu inn að Gelgjutanga, þar sem m/b Vísundur lá. Síðasta spölinn inn sundin voru siglingaljósinn slökkt, að sögn sumra ákærðu að boði ákærða Harrys, sem hefur þó neitað þessu. Voru þeir komnir að m/b Vísundi, RE 280, um kl. 0430, að því er næst verður komið af framburðum þeirra. Áður en að m/b Vísundi kom, höfðu ákærðu flutt nokkuð af farminum upp á þilfar. Ákærðu lögðu bátnum upp að m/b Vísundi og byrjuðu þegar að flytja farminn yfir í hann. Telja þeir sig hafa flutt meiri hlutann, 600—700 kassa, að þeir hafa gizkað á, yfir í m/b Vísund. Þegar klukkan var orðin rúmlega 0700, töldu ákærðu ekki óhætt að vera þarna lengur, bæði vegna þess að bjart var orðið og eins vegna þess, að fjaraði út. Gengu þeir frá m/b Vísundi og ber saman um það, að ekki hafi eftir það verið hreyft þar við neinu. Ákærðu Halldór Sigurjón og Guðjón Svanar fóru í land, en hinir ákærðu fóru með m/b Ásmund til Hafnarfjarðar. Komu þeir þangað kl. 0900—1000, og var lagzt þar við bryggju utan á báta. Voru ákærðu Halldór Sigurjón og Guðjón Svanar þá einnig komnir þangað ásamt eiginkonu ákærða Sigurðar Lyngbergs. Eftir nokkra viðdvöl héldu ákærðu á brott að undanskildum ákærða Kristjáni Norman, er varð eftir í bátnum til að gæta hans. Ákærðu tóku með sér einhverja muni sína og sömuleiðis eitthvað af vindlingum, að sögn ákærða Guðjóns Svanars. Um hádegi fór ákærði Guðjón Svanar suður í Hafnarfjörð, en hvarf þaðan aftur um kl. 1500, og var nú ekkert aðhafzt fyrr en um kvöldið. Um kl. 1830 fékk ákærði Sigurður Lyngberg sendiferðabifreiðina R 17574 að láni hjá eiganda hennar, sem ákærði þekkir, undir því yfirskeyni, að hann þyrfti að flytja eitthvað fyrir kunningja sinn. Hélt ákærði á bifreiðinni til Hafnarfjarðar og notaði hana um kvöldið til flutninga á áfengi úr bátnum til Reykjavíkur. Kvöldið eftir fékk ákærði bifreið þessa einnig lánaða og notaði hana við áfengisflutninga. Ákærði Guðjón Svanar tók station-bifreiðina Y 246, sem er eign föður hans, að honum

fjarverandi og notaði hana við flutninga áfengisins. Þriðja bifreiðin, sem notuð var, var bifreið ákærða Halldórs Sigurjóns, Y 21561.

Ákærðu unnu allir að því að flytja áfengið úr bátnum að kvöldi fimmtudagsins 19. október, en eigi aðrir að þeirra sögn. Færðu þeir m/b Ásmund upp að bryggjunni og fluttu áfengið úr honum í bifreiðarnar. Ákærðu fóru 3 ferðir með áfengi að Hrístateig 22 hér í borg og komu því fyrir þar í bílskúr, sem ákærði Sigurður Lyngberg hafði fengið léðan hjá móður sinni. Eigi kveðast ákærðu vita nákvæmlega, hve mikið magn hafi farið í bílskúrinn, en hafa gizkað á, að það hafi verið 150—160 kassar. Ákærði Kristján Norman kveðst hafa talið 111 kassa, er fluttir voru í tveimur af ferðunum. Ákærði Guðjón Svanar hefur staðfest, að ákærði Kristján Norman hafi sagt sér þetta, en í þriðju ferðinni kveður hann hafa verið flutt 10 kössum meira en í hinum tveimur. Hafi 28 kassar, sem voru í bílskúrnum, verið fluttir heim til sín. Magn það, er fór í Sænsk-íslenska frystihúsið, hafi reynzt 122 kassar. Kveður ákærði því vanta meira en 20 kassa, sem að álit hans hafi farið í bílskúrinn.

Auk flutninganna í bílskúrinn voru farnar 2 ferðir með áfengi heim til ákærða Guðjóns Svanars. Kveðst ákærði hafa ætlað að geyma það þar til bráðabirgða. Að því er næst verður komið, voru 88 kassar fluttir heim til ákærða.

Sterka áfengið, áfengi bjórinn og vindlingarnir var flutt frá m/b Ásmundi á bifreið ákærða Halldórs Sigurjóns og komið heim til ákærðu. Eins og áður greinir, hafa ákærðu skýrt frá því, að varningur þessi hafi verið alls 120 flöskur af Baccardi rommi og whisky, 25 kassar af áfengum bjór og 50 lengjur af vindlingum, og skiptist hann að jöfnu milli ákærðu. Hafa ákærðu haldið því fram, að nokkuð af varningi þessum hafi verið notað til gjafa handa tollvörðum úti í Belgíu, en sumt verið notað á leiðinni hingað til lands.

Af hluta ákærða Harrys í varningi þessum fannst ekkert, eins og áður greinir. Ákærði Halldór Sigurjón kveður varning þann, er farið var með heim til ákærða Harrys, hafa verið 1 kassi af Baccardi rommi, um $\frac{1}{2}$ kassi af whisky, 5 kassar af bjór og vindlingarnir, sem upphaflega hafi verið 10 lengjur. Ákærði Harry kveðst hins vegar hafa átt eftir við komuna hingað til lands 11 flöskur af Baccardi rommi, 4—5 flöskur af whisky og 4—5 lengjur af vindlingum, sem hann hafi sett í farangursgeymslu bifreiðar sinnar, er komið var með það heim til hans.

Var gerð leit þar, en ekkert fannst, eins og að framan er rakið.

Ákærði Halldór Sigurjón kveður það, sem hann kom með hingað til lands af varningi þessum, hafa verið 2 kassa af Baccardi rommi, 4 kassa af bjór og 8—9 lengjur af vindlingum. Af varningi þessum fannst ekkert við leit. Kveðst ákærði hafa komið þessu fyrir í kjallaraðeymslu heima hjá sér. Þegar ákærði vissi, að komið hafði upp um atferli þeirra ákærðu, kveðst hann hafa farið þangað, hellt áfenginu úr flöskunum, rífið áfengis- og bjórkassana sundur og sett þá síðan ásamt flöskunum frá áfenginu, bjórinn og vindlingana í sorptunnu, sem er í sorptunnageymslu í kjallaranum, en að því búnu sett rusl ofan á.

Ákærði Guðjón Svanar fór með heim til sín auk geneversins 12 flöskur af rommi, 12 flöskur af whisky, 5 kassa af Tuborg bjór og vindlingana. Áfengið fannst við leit heima hjá ákærða, en vindlingarnir ekki. Kveðst ákærði hafa gefið þá, en vildi ekki segja hverjum.

Ákærði Sigurður Lyngberg hefur viðurkennt að hafa flutt heim til sín 2 kassa af rommi, 5 kassa af bjór og 10 lengjur af vindlingum. Kassarnir með rommflöskunum og bjórnum fundust heima hjá ákærða, en vindlingarnir ekki. Kvað ákærði þá þó hafa verið þar, er leitinn var gerð, en sennilega sé búið að nota þá.

Ákærði Kristján Norman hefur viðurkennt að hafa tekið við sínum hluta ofangreinds varnings í bifreið ákærða Halldórs Sigurjóns, en eftir af honum var við komuna hingað til lands 2 kassar af rommi, 4 kassar af bjór og 9 lengjur af vindlingum. Við leit hjá ákærða fundust 1 kassi af rommi, 2 kassar af bjór og 9 lengjur af vindlingum. Ákærði vildi ekki gefa upp, hvað hann hefði gert við hinn kassann með romminu, en kvað hann ekki hafa verið seldan. Einn kassa af bjór kveðst ákærði hafa gefið, en eigi vildi hann segja hverjum, hálfan kassa hafi hann verið búinn að drekka, en hinn helmingurinn hafi orðið eftir við leitina.

Umræddum flutningum úr m/b Ásmundi var hætt fyrir miðnætti, og var ekkert frekar aðhafzt þar til daginn eftir. Eins og áður greinir, kveða ákærðu nokkuð af pappakössunum, er geneverflöskurnar voru í, hafa blotnað á leiðinni hingað til lands og mikið af flöskum brotnað af þeim sökum. Hafi því eigi verið unnt að ljúka affermingu um nóttina og átt að bíða til næsta kvölds. Ákærðu gengu frá bílskúrnum að Hrístateigi 22. Negldu þeir aftur hurðirnar fyrir honum, en sá frágangur var algerlega ófullnægjandi, að þeirra sögn.

Snemma að morgni föstudagsins 20. október fóru ákærðu til Hafnarfjarðar. Hafði ákærði Halldór Sigurjón útvegað nýja pappakassa í stað þeirra, sem eyðilagzt höfðu. Voru geneverflöskurnar settar í kassa þessa og lagað til í lestinni. Að því búnu héldu ákærðu að undanskildum ákærða Halldóri Sigurjóni fyrir Hafnarfjörð á bátnum, og var ónýtu kössunum og brotnu flöskunum hent í sjóinn. Kveða ákærðu mikið hafa verið brotið af flöskum í farminum. Þá var haldið til Hafnarfjarðar aftur og lagzt við bryggju.

Ákærðu höfðust ekki að eftir hádegið að undanskildu því, að ákærði Guðjón Svanar kveðst hafa selt 4 kassa af genever af birgðum þeim, sem geymdar voru heima hjá honum, fyrir 16.000.00 kr. Ákærði hefur ekki viljað skýra frá því, hver kaupandinn hafi verið, og hefur ekki tekizt að finna hann. Salan fór fram, án þess að meðákærðu hefðu afskipti af.

Nokkru eftir hádegi þennan dag fengu ákærðu grun um, að farið hefði verið í bílskúrinna að Hrístateig 22 og jafnvel stolið þar áfengi. Byggðu þeir þetta á því, að frágangur var annar á bílskúrshurðinni en kvöldið áður. Fannst ákærðu því ekki óhætt að geyma geneverbyrgðirnar áfram í bílskúrnum og ákváðu að flytja þær þaðan. Fékk ákærði Halldór Sigurjón augastað á Sænsk-íslenzka frystihúsinu, en þar starfar mágur hans, ákærði Gunnar Baldursson. Fór ákærði þangað og hitti ákærða Gunnar að máli. Fór hann þess á leit við hann, að hann léði sér geymslustað fyrir áfengið, er var í bílskúrnum. Kveðst hann hafa sagt honum, að áfengið væri ólöglega innflutt. Ákærði Halldór Sigurjón kveður ákærða Gunnar hafa verið tregan til að taka við áfenginu, en hann hafi þröngvað honum til þess. Hafi ákærði Gunnar látið tilleiðast vegna mágsemdanna við ákærða. Ákærði Gunnar átti ekki að fá neitt fyrir þetta, og hann átti engan annan þátt í brotinu.

Ákærði Gunnar hefur skýrt frá því, að ákærði Halldór Sigurjón hafi komið til sín á vinnustað í Sænsk-íslenzka frystihúsinu að kvöldi umrædds dags á tímanum milli kl. 1800 og 1900. Var ákærði Halldór Sigurjón einn síns liðs. Spurði hann ákærða að því, hvort hann gæti útvegað sér húsnæði til að geyma smávegis, sem þó mætti ekki vera fyrir allra augum. Ekki minntist hann á, um hvaða varning væri að ræða, hvert magn hans væri né heldur hve lengi ætti að geyma hann. Kveðst ákærði hafa tekið mjög illa í þetta og verið tregur til, enda hafi honum ekki verið ljóst, um hvað var að ræða. Lagði ákærði Halldór Sigurjón mjög

fast að ákærða að verða við þessu, án þess þó að hann gerði nánar grein fyrir því. Kveðst ákærði þá hafa látið tilleiðast. Ákærði Halldór Sigurjón kom fljótlega aftur í bifreið, og voru þá með honum 3—4 menn. Kveðst ákærði hafa kannast þar við ákærðu Harry og Kristján Norman, en hann hafði verið með hinum síðarnefnda til sjós fyrir allmörgum árum. Fljótlega eftir að ákærðu komu, kveðst ákærði hafa gert sér ljóst, hvað um var að vera. Vísaði hann þeim á geymslustað fyrir farminn yfir vélarsalnum. Þegar hér var komið, kveður ákærði hafa verið að gerast miklu meira en hann hafi órað fyrir, svo að hann hafi farið úr jafnvægi. Ákærði kveðst eitthvað lítillega hafa aðstoðað við að koma kössunum í geymsluna. Þegar búið var að losa sendiferðabifreiðina og koma varningnum fyrir, fóru ákærðu á brott, en komu brátt aftur með farm á henni. Var varningnum komið fyrir á sama hátt og áður. Ákærði kveðst ekki hafa talið kassana, en ekkert hafi verið hreyft við þeim og hafi komizt í hendur lög-reglunnar allt það, er sett var í geymsluna.

Ákærðu kveðast hafa flutt meginhlutann af áfengismagni því, er var í bílskúrnum, í Sænsk-íslenzka frystihúsið, eftir að Halldór Sigurjón var búinn að fá geymsluplássið þar. Fluttu þeir áfengið í tveimur ferðum og komu því fyrir í geymslunni. Kveðast þeir ekki hafa hreyft við því þar eftir það. Eins og áður greinir, fóru 28 kassar af áfengismagni því, er var í bílskúrnum, heim til ákærða Guðjóns Svanars, að hans sögn.

Þegar flutningum þessum var lokið, héldu ákærðu til Hafnarfjarðar til að sækja það, sem eftir var af farminum. Þegar niður á bryggjuna kom, sem m/b Ásmundur lá við, urðu ákærðu varir við tollverði, og varð þeim þá ljóst, að upp hafði komizt um atferli þeirra. Héldu 4 ákærðu á brott í bifreiðum sínum.

Ákærði Sigurður Lyngberg varð eftir og var handtekinn á bryggjunni, er hann var að fara út í bátinn. Ákærðu Harry, Halldór Sigurjón og Guðjón Svanar voru handteknir heima hjá sér um kvöldið, en ákærði Kristján Norman morguninn eftir.

I.

Verjendur hinna 5 fyrsttöldu ákærðu hafa krafizt þess, að framhaldsákærunni í máli þessu verði vísað frá dómi. Telja þeir heimild til útgáfu framhaldsákæru bresta samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, þar sem upplýsingar um atferli það, sem ákærðu er gefið þar að sök, hafi legið fyrir við þingfestingu málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins hefur frávísunarkröfu þessari verið mótmælt og þess krafizt, að efnisdómur gangi um atferli það, sem í framhaldsákæru greinir. Var því lýst yfir af hálfu ákæruvaldsins, að framhaldsákæran hefði verið gefin út, strax og þörfin á henni varð kunn.

Við ákvörðun um þetta atriði þykir verða að miða við þessa yfirlýsingu ákæruvaldsins, enda er ekkert sérstakt fram komið í máli þessu, er leiði í ljós hið gagnstæða. Samkvæmt þessu svo og því, að framhaldsákæran var birt verjendum ákærðu með hæfilegum fyrirvara fyrir flutning málsins, þykir með tilvitnun til 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961 verða að hafna kröfunni um frávísun framhaldsákærunnar.

Eins og að framan greinir, hafa ákærðu skýrt frá því, að Seeuwen, fyrrverandi ræðismaður, hafi útvegað þeim 1.000 kassa, eða 12.000 flöskur, af genever, en áfengi þetta var keypt hjá N. V. Blankenheym & Nolet's Distilleerderu í Rotterdam og síðar sent til Ostende í Belgíu, þar sem ákærðu veittu því móttöku. Rækileg talning fór þó eigi fram á farminum við móttöku hans, og ákærðu kveða mikið hafa brotnað af flöskum í honum á leiðinni hingað til lands í ofvirðri, sem þeir hrepptu. Hafa þeir ekki getað staðhæft neitt um það, hve mikið hafi komizt hingað til lands heilt af farminum. Þykir verða að leggja þetta til grundvallar í málinu og því varhugavert að telja fullkomlega sannað, að ákærðu hafi flutt ólöglega meira magn af genever hingað til lands en kom í leitirnar hjá tollgæzlu- og lögreglumönnum, eins og að framan er upptalið, svo og 4 kassa með alls 48 flöskum af genever, sem ákærði Guðjón Svanar hefur viðurkennt að hafa selt.

Auk geneverfarmsins hafa ákærðu viðurkennt að hafa keypt alls í ferðinni 120 flöskur af Baccardi rommi og whisky, 25 kassa, eða 600 flöskur, af áfengu öli og 50 lengjur af vindlingum. Þykir verða að leggja þann framburð þeirra til grundvallar, að þeir hafi gefið tollvörðum í Ostende af varningi þessum og eins notað eitthvað af honum á leiðinni hingað til lands. Telst því ekki sannað, að þeir hafi flutt ólöglega hingað meira magn af varningi þessum en þeir hafa viðurkennt, eins og hér að framan hefur verið rakið. Ber því að sýkna ákærðu af ákærunni að þessu leyti.

Framangreint atferli ákærðu, sem sannað er með játningum þeirra og öðrum gögnum í máli þessu, varðar við 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit, innflutningur

áfengisins auk þess við 3. gr., sbr. 1. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. gr., sbr. 12. gr. laga um einkasölu á áfengi nr. 69/1928, en innflutningur tóbaksins auk fyrst talda ákvæðisins við 1. gr., sbr. 15. gr. laga um einkasölu á tóbaki nr. 58/1931.

II.

Með játningum ákærðu er sannað, að þeir fluttu til Ostende í Belgíu hver um sig íslenzka peninga að fjárhæð kr. 88.000.00, eða samtals allir kr. 440.000.00, að því er talið er í 100 króna seðlum, sem þeir afhentu þar í borg til greiðslu ofangreinds varnings.

Varðar þetta atferli þeirra við 5. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. og 22. gr., sbr. 2. mgr. 24. gr. reglugerðar um skipan gjaldeyris- og innflutningismála o. fl. nr. 79/1960, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 123/1962 um breytingu á þeirri reglugerð.

III.

Með játningu ákærðu er sannað, að 3 þeirra breyttu nafni m/b Ásmundar á leiðinni út til Belgíu, að því er ákærðu hafa talið sunnudaginn 8. október, með þeim hætti, að skilti með hinu rétta nafni bátsins var skrúfað af brúnni, málað á hina hlið þess „**PORLEIF ROGNVALDSSON — OLAFSFIJÖRÐUR**“ og það síðan fest upp aftur með þeirri áletrun sem heiti á bátnum. Sigldu ákærðu síðan bátnum með þessu nafni til Ostende og þaðan heim á leið, en þá sneru þeir skiltinu aftur við og notuðu hið rétta heiti bátsins. Með þessu atferli hafa ákærðu orðið brotlegir gegn 5. mgr. 13. gr., sbr. 25. gr. laga um skráningu skipa nr. 17/1948, sbr. 4. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Með játningu Guðjóns Svanars þykir sannað, að hann hafi síðdegis föstudaginn 20. október s.l. selt manni, sem hann vill ekki nafngreina, 4 kassa með 48 flöskum af margnefndum geneverbirgðum fyrir samtals 16.000.00 kr.

Varðar þetta atferli ákærða við 18. gr., sbr. 1. mgr. 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

V.

Sannað er með játningu ákærða Gunnars og framburðum ákærðu, að ákærði Gunnar veitti viðtöku til geymslu í Sænsk-

íslenska frystihúsinu 122 kössum af framangreindum geneverbirgðum og aðstoðaði meðákærðu við að koma þeim þar fyrir, en áfengi þetta var ætlað til sölu samkvæmt framburðum ákærðu.

Varðar umrætt atferli ákærða Gunnars við 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit.

VI.

Við ákvörðun refsinga ákærðu Harrys, Halldórs Sigurjóns, Guðjóns Svanars, Sigurðar Lyngbergs og Kristjáns Normans þykir verða að miða við þann framburð þeirra, að geneverfarmurinn hafi verið sameign þeirra, þannig að hver þeirra hafi átt $\frac{1}{2}$ hluta af honum.

Með hliðsjón af því, að ákærði Harry var frumkvöðull að áfengis kaupunum erlendis, fararinnar til Belgíu og hafði skipstjórn á hendi á m/b Ásmundi, þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 4 mánaða fangelsi og 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en fangelsi í 10 mánuði komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Halldórs Sigurjóns þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 3 mánaða fangelsi og 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en fangelsi í 10 mánuði komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Guðjóns Svanars þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 3 mánaða fangelsi og 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en fangelsi í 10 mánuði komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Sigurðar Lyngbergs þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 3 mánaða fangelsi og 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en fangelsi í 10 mánuði komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Kristjáns Normans þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 3 mánaða fangelsi og 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en fangelsi í 10 mánuði komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Rétt þykir, að gæzluvarðhald ákærðu frá 21. október—23. nóvember s.l. komi til frádráttar fangelsisrefsingunum.

Loks þykir refsing ákærða Gunnars hæfilega ákveðin 10.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, 33. gr. i. f. áfengislaga, 12. gr. laga um einkasölu á áfengi og 15. gr. laga um einkasölu ríkisins á tóbaki ber að dæma ákærðu Harry, Halldór Sigurjón, Guðjón Svanar, Sigurð Lyngberg og Kristján Norman til að þola upptöku á 10.938 lítra flöskum af genever, 12 flöskum af whisky, 48 flöskum af rommi, 264 flöskum af áfengum bjór og 90 pökkum af vindlingum, er tollgæzlumenn lögðu hald á.

Þá er þess krafizt í ákæru, að ákærði Kristján Ragnar verði dæmdur til að þola upptöku á m/b Ásmundi, GK 30, til ríkissjóðs samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954, en í ákvæði þessu segir, að flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megí það verulegan hluta af farmi þess, skuli það gert upptækt handa ríkissjóði með dómi.

Hin almennu ákvæði í íslenskri löggjöf um eignaupptöku eru í 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Segir þar, að gera megí upptæka með dómi hluti, sem hafðir hafi verið til að drýgja brot með, nema þeir séu eign manns, sem ekkert er við brotið riðinn. Gildir ákvæði þetta ekki einungis um brot, sem refsiverð eru samkvæmt almennum hegningarlögum, heldur tekur það einnig til brota, sem refsing er lögð við í öðrum lögum, þótt til sé fjöldi upptökuákvæða, sem víkja frá því. Ákvæði þetta er valkvætt, þ. e. heimilar dómstóli hverju sinni mat á því, hvort upptaka skuli fara fram, og enn fremur er það skilyrði, að maður sá, sem upptakan beinist gegn, sé við brotið riðinn.

Ákvæði í 1. tl. 4. mgr. 33. gr. áfengislaga víkur að álitu dómsins frá þessari almennu reglu um eignaupptöku. Hafi varzla á skipi stofnast með lögsmætum hætti, þykir ákvæði þetta ekki verða skilið öðruvísi en svo, að það leggi dómstóli þá skyldu á herðar að dæma upptöku að uppfylltum þeim skilyrðum, sem í greininni segir, þ. e. að ólöglega innflutt áfengi sé meginhlutinn af farmi skips, jafnvel þótt eigandi skipsins eigi ekki sök á broti.

Við flutning máls þessa var því haldið fram, að framangreint ákvæði bryti í bága við 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Á þessa skoðun þykir ekki verða fallizt, þar sem ákvæði þetta er byggt á því, að skip hafi verið notað til að drýgja brot með og upptaka fari því fram sem afleiðing af refsiverðum verknaði.

Svo sem fram er komið í málinu, var svo til allur farmurinn í m/b Ásmundi áfengi. Þykir því samkvæmt framansögðu verða að fallast á þá kröfu ákærvaldsins, að eigandi bátsins, ákærði Kristján Ragnar, skuli þola upptöku á honum til ríkissjóðs, enda þótt eigi sé fram komið í málinu, að hann eigi nokkra sök á broti því, er að framan greinir.

Samkvæmt 1. mgr. 3. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit þykir rétt að dæma ákærða Guðjón Svanar til að þola upptöku á ólöglegum ávinningi að fjárhæð kr. 16.000.00, er honum áskotnaðist með sölunni á 48 flöskum af genever.

Ákærða Harry ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Sveini Snorrasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun, ákærða Halldór Sigurjón ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Tómasi Árnasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun, ákærða Guðjón Svanar ber að dæma til að greiða í réttargæzlubóknun til Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns kr. 5.000.00 og í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00, ákærða Sigurð Lyngberg ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Hákon Kristjónssyni héraðsdómslögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun, ákærða Kristján Norman ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun og ákærða Gunnar ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Jóni Arasyni héraðsdómslögmanni, kr. 8.000.00 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, er þykja hæfilega ákveðin kr. 20.000.00, ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum.

Af ákæru verður eigi ráðið, að krafa sé gerð á hendur ákærða Kristjáni Ragnari um greiðslu sakarkostnaðar, þar sem málið er í niðurlagi ákæru einungis höfðað gegn honum til að sæta upptöku m/b Ásmundar, GK 30. Ber því að dæma ríkissjóð til að greiða skipuðum verjanda hans, Matthíasi Á. Mathiesen hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00 í málsvarnarlaun, en að öðru leyti þykja ekki efni til að dæma ríkissjóð til greiðslu sakarkostnaðar af þessum sökum.

Dómsorð:

Ákærði Harry Steinsson sæti fangelsi í 4 mánuði og greiði 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en sæti fangelsi í 10

mánuði, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Halldór Sigurjón Sveinsson sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en sæti fangelsi í 10 mánuði, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðjón Svanar Sigurjónsson sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en sæti fangelsi í 10 mánuði, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sigurður Lyngberg Magnússon sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en sæti fangelsi í 10 mánuði, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Kristján Norman Óskarsson sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði 950.000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, en sæti fangelsi í 10 mánuði, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Til frádráttar fangelsisrefsingum ákærðu komi gæzluvarðhaldsvist þeirra frá 21. október til 23. nóvember 1967.

Ákærði Gunnar Baldursson greiði 10.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu Harry, Halldór Sigurjón, Guðjón Svanar, Sigurður Lyngberg og Kristján Norman skulu þola upptöku til ríkissjóðs á 10.938 lítra flöskum af genever, 12 flöskum af whisky, 48 flöskum af rommi, 264 flöskum af áfengum bjór og 90 pökkum af vindlingum.

Ákærði Kristján Ragnar Sigurðsson skal þola upptöku á m/b Ásmundi, GK 30, til ríkissjóðs.

Ákærði Guðjón Svanar skal þola upptöku á 16.000.00 kr. til ríkissjóðs.

Ákærði Harry greiði skipuðum verjanda sínum, Sveini Snorrasyni hestaréttarlögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun, ákærði Halldór Sigurjón greiði skipuðum verjanda sínum, Tómasi Árnasyni hestaréttarlögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun, ákærði Guðjón Svanar greiði Ragnari Jónssyni hestaréttarlögmanni kr. 5.000.00 fyrir réttargæzlu og skipuðum verjanda sínum, Sigurði Ólasyni hestaréttarlögmanni, kr. 15.000.00 í málsvarnarlaun, ákærði Sigurður Lyngberg greiði skipuðum verjanda sínum, Hákon Kristjánssyni

héraðsdómslögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun, ákærði Kristján Norman greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun og ákærði Gunnar greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni Arasyni héraðsdómslögmanni, kr. 8.000.00 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, greiði ákærðu Harry, Halldór Sigurjón, Guðjón Svanar, Sigurður Lyngberg, Kristján Norman og Gunnar in solidum.

Málsvarnarlaun Matthíasar Á. Mathiesen hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða Kristjáns Ragnars, kr. 15.000.00, skulu greiddast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. október 1968.

Nr. 3/1968.

Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Þorvaldi Ara Arasyni

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Manndráp. Svipting málflutnings- og verzlunarleyfa.
Sýknað af ákæru um brot gegn 217. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram í Hæstarétti nokkur ný gögn.

Með bréfi, dags. 9. apríl 1968, sendi saksóknari ríkisins Læknaráði ágríp dómsgerða málsins og óskaði umsagnar þess um álitserð Þórðar Möllers yfirlæknis og hvort það